

Tillögur Samtaka um bíllausan lífsstíl um stefnu um sjálfbæra þróun.

- 1 Fella út kröfur um lágmarksfjölda bifreiðastæða í 64. grein byggingarreglugerðar. Hún setur hönnuðum mjög þröngar skorður. Þannig er mjög erfitt að skipuleggja þetta byggð án þess að stór hluti borgarlandsins fari undir bílastæði. Fyrir vikið er nánast ómögulegt að skipuleggja byggð þar sem gönguleiðir eru stuttar. Einnig er mjög erfitt að reka akstursleiðir strætisvagnaundir þessum kringumstæðum þar sem vegalengdin að strætisvagnastoppistöðvum lengist. Í raun er þessi reglugerð skattlagning á þá sem ekki eiga bíl og stuðlar stórlega að aukinni einkabílanotkun.
- 2 Skattaívilnanir til handa fyrirtækjum sem starfa í litlu húsnæði. Það styður við verslun í nærumhverfi gegn tröllvöxnum vöruskemmum í útjaðri borgalandsins.
- 3 Hugsað um göngustíga sem samgönguæðar. Þeir hverfi ekki skyndilega og það sé litið jafnalvarlegum augum þegar leið um þá er hindruð eins og ef um akvegi væri að ræða. Sjá t.d. á Smyrilsvegi hvernig gangstétt er látin víkja fyrir bílastæði, svo gangandi vegfarendur verða að ganga eftir götunni.
- 4 Gönguleiðir séu skilgreindar á deiliskipulagi lóða á sambærilegan hátt og akstursleiðir. Þar með talið gönguleiðir framhjá bílastæðum þegar lóðir eru svo hannaðar. Varast að gera ráð fyrir því að gangandi fólk þvælist sömu leið og bílar gegnum bílastæði. Annað er slysaætta og veldur bíllausum miklum óþægindum.
- 5 Gerð sé krafa um hjólastæði við nýbyggingar. Þau séu merkt inn á deiliskipulag á sambærilegan hátt og bílastæði.
- 6 Það ætti að hanna íslensk stætisvagnaskýli sem taka tillit til íslenskra aðstæðna. Einnig mætti hanna frumlega íslenska hjólastanda. Við eigum marga frábæra hönnuði en hýrumst í vondum veðrum í strætisvagnaskýlum sem eru hönnuð fyrir danskar og franskar aðstæður.
- 7 Hjólastæði séu við skiptistöðvar Strætisvagna. Það styttr verulega ferðatíma fólks að samtvinna hjól og strætisvagna, sér í lagi þeirra sem eru á leið í og úr úthverfum.
- 8 Gerð sé sú meginregla að stytting vegalengda fyrir akandi sé ekki á kostnað gangandi og hjólandi. Sjá t.d. gönguleið þess sem ætlar frá Sprengisandi að Endurvinnslunni í Knarrarvogi.
- 9 Samhliða því að kolefnisjafna bíla mætti niðurgreiða reiðhjól til fyrirtækja. Lækka þannig útblástur, nagladekk ofl, ofl.
- 10 Gera kröfu um reiðhjólstæði við allar opinberar byggingar, skóla, íþróttahús og sundlaugar.
- 11 Hvernig væri amk. að hugsa um orðið "stofnaðakerfi f. reiðhjól" og nota þá einnig orðið þjónustustig fyrir það. Það er ekki hægt að tala um reiðhjólstíga og setja þar allt undir einn hatt því þjónustustig

- þeirra er mjög mismunandi.
- 12 Að vegatálmur hugsaðir bílum séu ekki slíkir gagnvart hjólandi og gangandi.
Auka t.d. aðgengi gangandi og hjólandi í gegnum botnlanga.
 - 13 Fækka tröppum og gæta þess að þær séu ekki of brattar.
Auka þannig aðgengi fyrir barnavagna, hjól og þá sem eiga erfitt með gang. Sjá t.d. aðgengi að strætóskýlinu við Elliðaárdal
 - 14 Verðlauna ætti góðar hjólagötur.
 - 15 Jarðhæðir fjölbýlishúsa séu ekki bílageymslur.
 - 16 Fjölga kortum og merkingum á reiðhjóla- og göngustígum.
 - 17 Gerð séu samgöngukort af Höfuðborgarsvæðinu sem sýni göngu- og hjólastíga, biðstöðvar strætó og aðra samgöngumöguleika, t.d. bílasameign.
 - 18 Borin sé virðing fyrir almannarými á borð við gangstéttir og torg, og að sektir fyrir ólöglega lögðum faratækjum séu sambærilegar á við það sem gerist í nágrennaborgum og að sektað sé allan tíma sólarhringsins.
 - 19 Gætt verði að stofnæðar trufla sem minnst nærliggjandi byggð.
 - 20 Draga úr niðurgreiðslum til handa bíleigendum í formi gjaldfrjálsra bílastæða við stofnanir, verslanir og fyrirtæki, óbeinnar gjaldtöku af umferðarmannvirkjum og hverju því sem dregur úr samkeppnishæfni annarra valkosta við einkabílinn.
 - 21 Göngustígar og hjólabrautir séu lagðar með sambærilegum metnaði og götur fyrir bíla.
 - 22 Umferðaaðar verði skipulagðar sem breiðstræti ekki síður en hraðbrautir þar sem við á.
 - 23 Almenningsamgöngur fái sérakreinar á stofnæðum þar sem hætta er á biðraðamyndun og töfum.
 - 24 Lögð verði enn meiri áhersla á skjólmyndun með trjágróðri en nú er. Meiri trjárækt í miðri byggð.
 - 25 Bjóða upp á námskeið í hjólafærni.
 - 26 Bjóða upp á námskeið í akstri án nagladekkja.
 - 27 Ríkið styrki almenningsamgöngur ekki síður en jarðgangnagerð eða aðrar samgönguúrbætur á landsbyggðinni.